

Minnisblað

Til:
Frá: Brynjar Þór Jónasson
Dags. 29. apríl 2015
Mnr. 2014090031



ÍSAFJARÐARBÆR

Aðalgata, Suðureyri, akstursstefna

Ísafjarðarbær hefur verið með til umfjöllunar akstursstefnu á Aðalgötu á Suðureyri. Þær leiðir sem nefndar hafa verið í þessu efni eru.

1. Gera Aðalgötu að tvístefnugötu
2. Heimila akstur langra flutningabíla út eftir Aðalgötu.
3. Gera Aðalgötu að tvístefnugötu þannig að önnur akstursstefnan hafi forgang, eins og er í jarðgöngunum.

Þann 20. Janúar s.l. ritaði þáverandi sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar Jóhann Birkir Helgason Vegagerðinni bréf. Í bréfinu er málið kynnt fyrir Vegagerðinni og óskað eftir tillögu frá Vegagerðinni. Tillaga vegagerðarinnar er eftirfarandi tölvupóstur frá Magnúsi V. Jóhannssyni 10. Mars 2015:

Tillaga Vegagerðarinnar er að gera Aðalgötu að tvístefnugötu þar sem önnur akstursstefnan hafi forgang. Miðað við aðstæður á götunni er lagt til að akstur til vesturs hafi forgang þar sem eðlilegra virðist að ökutæki sem aka til austurs viki. Vegagerðin telur að miðað við umferðarþunga í götunni sé nægjanleg svigrúm til mætinga á ákveðnum stöðum fyrir hendi án sérstakra aðgerða annarra en að setja upp viðeigandi umferðamerki.

Skv. c. lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, svo og forstjóra Vegagerðar ef um þjóðveg er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem einstefnuakstur. Skv. 84. gr. umferðarlaga má finna reglur um notkun umferðarmerkja og fleira í reglugerð nr. 289/1995 (sbr. rgl. 348/1998 og rgl. 427/2000).

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefur kynnt sér málið og tekur undir tillögu Vegagerðarinnar.

Samkvæmt samningi um veghald milli Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar annast Ísafjarðarbær alla almenna þjónustu á Aðalgötu Suðureyri þar með talin umferðamerki.

Undirritaður leggur til að Skipulags og mannvirkjanefnd feli Bæjarstjórn að leggja til við Lögreglustjóran á Vestfjörðum að Aðalgata Suðureyri verði gerð að tvístefnu þar sem önnur akstursstefnan hafi forgang samanber tillögu Vegagerðarinnar.

Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar.
Hjálagt: Uppdráttur af tillögu Vegagerðarinnar.